

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 01.04.2011

Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsár, þskj. 905 - 540. mál**

Að beiðni Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsár, þskj. 905 – 540. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 - 2011.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Alþingi veiti iðnaðarráðherra heimild til að veita virkjunarleyfi vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár. Í þessu sambandi skal bent á, að löggjafinn hefur með setningu raforkulaga, nr. 65/2003, þegar veitt ráðherra heimild til að veita virkjunarleyfi vegna raforkuvinnslu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þá gilda ýmis önnur lög sem hafa áhrif á undirbúning virkjunarframkvæmda.

Í ljósi þessa telur Landsvirkjun almennt ekki þörf á setningu sérlaga um veitingu virkjunarleyfis vegna tiltekinna virkjana eða virkjanasvæða. Telji Alþingi að lagabreytinga sé þörf væri skýrara og heppilegra að kveða á um slíkar breytingar í raforkulögum, þannig að fyrirfram sé ljóst hvaða viðmiðanir stjórnvöld hafa að leiðarljósi við veitingu virkjunarleyfa.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi virkjunar neðri hluta Þjórsár í samræmi við ákvæði gildandi laga. Nauðsynlegum undirbúningi er þó ekki lokið, og skal gerð nánari grein fyrir því hér.

Mat á umhverfisáhrifum virkjananna í neðri hluta Þjórsár, Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar var unnið á árunum 2002-2003. Skipulagsstofnun féllst á matið á árinu 2003 og í ársbyrjun 2004 staðfesti umhverfisráðherra matið fyrir þessar virkjanir með fyrirvörum um rannsóknir. Landsvirkjun hefur að öllu leyti farið eftir þessum fyrirvörum í rannsóknum á undanförunum árum.

Staðfest skipulag sveitarfélaga austan Þjórsár lá fyrir í árslok 2006. Þá var aðalskipulag sveitarfélaganna vestan Þjórsár, Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfest nýlega eins og kunnugt er.

Ofangreindar forsendur, mat á umhverfisáhrifum og staðfest aðalskipulag er forsenda þess að framkvæmdaleyfi fái frá viðkomandi sveitarfélagi. Áður en að því kemur þarf Landsvirkjun að afla leyfis frá iðnaðarráðherra fyrir virkjunarleyfi skv. raforkulögum nr. 65/2003. Í samræmi við



ákvæði laganna þurfa samningar að liggja fyrir við þá landeigendur sem hlut eiga að máli og einnig samningar við eiganda orkulindar um afgang fyrir hana. Hafi ekki náðst samkomulag innan 90 daga frá útgáfu leyfis eða eignarnáms óskað fellur það niður. Fyrir liggur samkomulag við ríkið um yfirtöku virkjunarréttinda í neðanverðri Þjórsá en ósamið er um afgang. Þá þurfa samningar að liggja fyrir um tengingu virkjananna við flutningskerfi landsins og drög að slíkum samningi að liggja fyrir.

Samningum við landeigendur má heita lokið vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar og eru þeir jafnframt langt komnir vegna Holtavirkjunar.

Enn fremur skal upplýst að útboðshönnun og útboðsgagnagerð vegna Hvammsvirkjunar er mjög langt komin og hálfnuð fyrir Holtavirkjun. Undirbúningi vegna Urriðafossvirkjunar er heldur skemur á veg kominn og er samningum við landeigendur ólokið. Auk þess er mikilvægt að hafa í huga að ósamið er um sölu orku frá þessum virkjunum.

Af framansögðu má ráða, að nauðsynlegum undirbúningi virkjana neðri hluta Þjórsár er í öllu falli ekki lokið og því ekki tímabært að fjalla um útgáfu virkjunarleyfis að svo stöddu.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson  
forstjóri